

Leikskólinn Hamravellir
Hvannavellir 1
221 Hafnarfjörður

Kópavogur, 5. desember 2023
Tilvísun: E47662

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: hamravellir@hafnarfjordur.is

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 4.12.2023
Starfsleyfi: Gildir til 30.8.2032	Starfsemi: Leikskóli
Aðsetur: Hvannavellir 1	Kt. 5909697579
Fulltrúar fyrirtækis Hildur Arnar Kristjánsdóttir Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness: Anna Kristín Einarsdóttir, eftirlitsaðili	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli nr. 103/2010. Stuðst var við [samræmd starfleyfisskilyrði fyrir leikskóla](#) sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Tilvísanir í greinar eru í viðkomandi starfsleyfisskilyrðum. Reglubundið eftirlit með áherslu á húsnæði og eldhús þar sem gengið var um leikskólann og eldhús og húsnæði skoðað m.t.t. ástands, öryggis og hreinlætis.

Niðurstöður eftirlits

Eldhús:

Matráður er í veikindaleyfi og er því afleysingastarfsmaður í eldhúsi. Skráningar í innra eftirliti eru ekki virkar og er lagt áherslu á mikilvægi þess í eftirliti, þrífum er einnig ábótavant í eldhúsi þann dag sem eftirlit átti sér stað. Tryggja þarf fullnægjandi þríf þar sem unnið er með matvæli og er því mikilvægt að vera með virka skráningu þrifa. Skv. starfsmanni í eldhúsi er meindýraeftirlit til staðar og gildir fyrir nagdýr en ekkert flugnaljós. Eftirfarandi frávikum varðandi eldhús er komið á framfæri:

- Tryggja virkar skráningar í innra eftirliti. Til staðar skulu vera skráningar á þrífum, reglulegu hitastigseftirliti kæla og frysta og skráning á móttöku matvæla.
- Tryggja þarf fullnægjandi þríf í eldhúsi.



Húsnæði:

Húsnæði er snyrtilegt skv. sjónmati en þrifum er ábótavant og mikil óánægja er með þrif á leikskólanum sem AP-þrif sér um. Skrifleg þrifaáætlun er til staðar inni í ræstigeymslu. Vélrænt loftræstikerfi er til staðar og er það þjónustað reglulega. Gardínubönd eru tryggð inni á deildum í aðalbyggingu og klemmuvarnir til staðar. Á hreyfisvæði í aðalbyggingu þyrfti að tryggja gardínubönd, annaðhvort stytta þau eða festa með öryggishjóli. Inn á tveimur deildum (Hraunkoti og Hvannakoti) voru lausar hillur sem þyrfti að veggfesta. Á salernum nota börn handklæði til að þurrka hendur, handklæði geta verið smitberar og ætti að nota einnota handþurrkur eða fjölnota þvottastykki til að tryggja smitvarnir. Fyrir utan aðalbyggingu er bráðabirgðahúsnæði til að hýsa börn meðan að verið er að byggja nýja leikskóla í hverfinu. Þar vantar klemmuvarnir sem skv. leikskólastjóra er beðið eftir. Þar er kynt með rafmagnsofnum sem verða mjög heitir, tryggja þyrfti að þar verðir ekki brunaslys með því t.d. að byggja hlíf yfir ofnana. Eftirfarandi frávikum og ábendingum varðandi leikskólahúsnæði er komið á framfæri

Frávík:

- Tryggja þarf gardínubönd á hreyfisvæði. Hægt er að stytta þau eða festa með öryggishjóli. Gr. 6.1.
- Það þarf að veggfesta hillur á Hraunkoti og Hvannakoti (mynd 1). Gr. 6.1.
- Gera þarf ráðstafanir vegna rafmagnsofna sem verða mjög heitir t.d. með því að byggja hlíf yfir ofnana. Gr. 6.1.
- Tryggja þarf klemmuvarnir í bráðabirgðahúsnæði. Gr. 6.1.

Ábendingar:

- Ekki er æskilegt að notast við handklæði á salernum þar sem handklæði geta verið smitberar. Hægt er að nota fjölnota þvottastykki eða handþurrkur. Gr. 2.9

Óskað er eftir því að fá sendar myndir sem staðfesta skráningar í innra eftirliti í eldhúsi. Bregðast skal við frávikum og ábendingum sem fyrst. Senda skal staðfestingu á úrbótum og aðgerðum með tölvupósti til heilbrigðiseftirlitsins á netfangið annakristin@heilbrigdiseftirlit.is fyrir þann 22. desember 2023.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329, eða á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,
f.h. heilbrigðiseftirlits

Anna Kristín Einarsdóttir,
eftirlitsaðili.





Mynd 1: Laus hilla sem þarf að veggfesta